

Verklags- og úthlutunarreglur

1. gr. Um sjóðinn

Starfsemi Fræðslusjóðs Kjalar fer eftir samþykktum sem gilda um sjóðinn.

2. gr. Réttindi í sjóðnum

- a. Einungis félagsfólk Kjalar stéttarfélags getur fengið styrk úr sjóðnum og þarf það að hafa verið greitt félagsgjöld í a.m.k. 6 mánuði á síðustu 12 mánuðum.
- b. Við ákvörðun styrkupphæðar er miðað við greidd félagsgjöld síðustu 12 mánaða. Til þess að njóta fullra réttinda í sjóðinn þurfa félagsgjöld að vera a.m.k. kr. 45.000,-. Hlutastarfandi er veittur styrkur í hlutfalli við greidd félagsgjöld sl. 12 mánuði.
- c. Félagsfólk þarf að vera í starfi bæði þegar sótt er um styrk og hann notaður.
- d. Stjórn sjóðsins er heimilt að taka tillit til uppsafnaðra réttinda hjá öðrum sjóðum innan BSRB félaga og annarra eftir atvikum eða sérstökum samningum milli félaga.
- e. Félagsfólk sem ekki hefur íslensku að móðurmáli getur sótt um styrk vegna íslenskukennslu eftir að hafa greitt félagsgjald í einn mánuð, þó aldrei hærri upphæð en hámarksréttur segir til um.
- f. Félagsfólk í atvinnuleit sem greiðir stéttarfélagsgjöld getur nýtt sér áður áunninn rétt.
- g. Falli greiðslur í sjóðinn niður vegna veikinda, eða launalauss leyfis skal meðhöndla þann tíma eins og um greiðslur hafi verið að ræða svo framarlega sem ráðningarsamband sé virkt, skila þarf inn staðfestingu atvinnurekanda á því.
- h. Félagsfólk sem lætur af störfum vegna aldurs eða örorku heldur aðild að þeim hluta sjóðsins sem snýr að sjálfsstyrkingu og lífsleikni í 24 mánuði eftir að greiðslu iðgjalda lýkur. Styrkir vegna starfstengdra námskeiða og/ eða náms- og kynnisferða eru einungis í boði fyrir félagsfólk með ráðningasamband.

3. gr. Fjárhæðir styrkja náms/námskeið

- a. Hámarksfjárhæðir styrkja
 - Félagsfólk getur að hámarki fengið allt að kr. 150.000,- í styrk á 12 mánaða tímabili.
 - Félagsfólk sem ekki hefur nýtt rétt síðustu 36 mánuði á rétt á styrk allt að 350.000,- fyrir eitt samfellt nám/námskeið samkvæmt reglum sjóðsins að uppfylltum skilyrðum 2. gr. úthlutunarreglna þessa.
- b. Hvað er styrkt:
 - Starfstengd námskeið**
 - Fellur að viðmiðum um námskeið og haldið af viðurkenndum fræðsluaðila
 - Íslenskukennsla fellur undir starfstengt nám
 - Ef starfstenging er óljós þarf að rökstyðja tengingu við starf
 - Styrkur getur numið allt að 150.000.- krónum á 12 mánaða tímabili
 - Sjálfsstyrking og lífsleikni námskeið**
 - Fellur að viðmiðum um námskeið og haldið af viðurkenndum fræðsluaðila
 - Eingöngu sjálfsstyrkingarnámskeið innanlands
 - Starfstengd markþjálfun, að hámarki 5 tímar á ári
 - Styrkur getur numið allt að 50.000.- krónum á 12 mánaða tímabili. Aldrei er þó greitt meira en sem nemur 80% af námskostnaði

Framhaldsskólanám

- Nám til eininga
- Styrkur getur numið allt að 150.000.- krónum á 12 mánaða tímabili

Háskólanám

- Nám til eininga
- Styrkur getur numið allt að 75.000.- krónum á 12 mánaða tímabili

Náms og kynnisferðir / ráðstefnur

- Krafa er gerð um skipulagða dagskrá sem inniheldur starfstengd fræðsluerindi og uppfyllir að lágmarki 10 klst. erlendis en 6 klst. innanlands
- Upplýsingar um tilgang, markmið og tilhögun náms- og kynnisferðar undirritar af yfirmanni skulu fylgja umsókn
- Staðfesting móttökuaðila þarf að fylgja umsókn ef heimsókn er hluti af skipulagðri dagskrá
- Hlekkur á vefsíðu og dagskrá þarf að fylgja umsókn um ráðstefnur
- Styrkur getur numið allt að 150.000.- krónum á 36 mánaða tímabili

Ferðakostnaður

- Ferð tengist starfstengdu viðurkenndu námi innanlands
- Vegalengd milli dvalarstaðs og fræðslustofnunar er meiri en 100 km.
- Skila þarf inn staðfestingu á mætingu frá skóla/fræðsluaðila
- Skila þarf greiðslukvittunum og þarf greiddur reikningur verður að vera á nafni félagsmanns
- Styrkur getur numið allt að 50.000.- krónum á 12 mánaða tímabili

c. Hvað er ekki styrkhæft:

- Fæðiskostnaður, ferðir innan borga og sveitarfélaga, bensínkostnaður, launatap og námsgögn
- Námskeiðskostnaður maka, barna, eða annarra nákominna er ekki styrktur
- Námskeiðskostnaður sem þá þegar hefur verið styrktur úr öðrum sjóði er ekki styrktur

4. gr. Umsókn

Umsóknum skal skila með rafrænum hætti á mínum síðum Kjalar stéttarfélags. Sé viðeigandi gögnum ekki skilað innan 3 mánaða frá dagsetningu umsóknar er litið svo á umsækjandi hafi dregið umsókn sína til baka.

5. gr. Umsókn og gögn

- a. Umsækjendur skulu vanda frágang umsókna sem þeir senda sjóðnum. Í umsókn þarf að tilgreina:
 - Lýsingu á námskeiði eða verkefni.
 - Hvenær fyrirhugað er að sækja námskeið eða náms- og kynnisferð.
 - Aðrar upplýsingar sem skýra umsókn.
- b. Með umsókn þarf að fylgja:
 - Reikningur vegna námskeiðs- eða skólagjalda skal vera númeraður og stimplaður og eiga sannanlega uppruna sinn í bókhaldi viðurkenndrar námsstofnunar.

- Greiðslukvittun á nafni umsækjanda og/eða staðfesting á skólavist ef við á þar sem fram kemur greiðsla skólagjalda/innritunargjalda.
 - Þegar um kynnisferðir og ráðstefnur er að ræða þarf að koma bréf frá stofnun/fyrirtæki/vinnustað umsækjanda, þar sem upplýst er um tilhögun, tilgang og markmið ferðarinnar. Auk þess skal fylgja dagskrá ferðar. Bréf þetta skal vera áritað af yfirmanni. Auk þess þarf að sýna afrit af farseðli eða hliðstæðar kvittanir vegna útlagðs ferðakostnaðar.
 - Vegna umsóknar um styrk fyrir nám eða námskeið sem tekið er erlendis þarf að leggja fram frumrit reiknings á upprunalegu tungumáli og á ensku/islensku, staðfestingu á greiðslu úr heimabanka og eins þarf að vera sundurliðuð kostnaðarskipting.
- c. Heimilt er að endursenda ófullnægjandi umsóknir.

6. gr. Um greiðslur úr sjóðnum:

- Umsækjandi sem hlotið hefur styrk úr sjóðnum á s.l. 12 mánaða tímabili getur að hámarki hlotið styrk sem nemur ónotuðu hlutfalli af hámarksfjárhæð.
- Sjóðstjórn getur ekki heimilað frávík frá hámarksfjárhæðum.

7. gr. Útborgun styrks

- Greiðslur úr sjóðnum fara fram eftir að umsækjandi hefur gert grein fyrir kostnaði með því að leggja fram afrit löglegra reikninga.
- Skólagjöld eru greidd út við upphaf skólaárs eða -annar.
- Aðrir reikningar, s.s. vegna ferðakostnaðar skulu vera númeraðir og stimplaðir og sannanlega tilkomnir vegna kostnaðar við námstækifæri. Reikningurinn skal einnig vera merktur með nafni og kennitölu sjóðsfélaga.
- Ferðastyrkur er ekki greiddur fyrr en ferð lokinni.

8. gr. Tíðni styrkveitinga og afdrif umsókna

- Félagsfólk með full réttindi getur fengið hámarksstyrk sbr. 3. gr. verklags- og úthlutunarreglna þessara. Þannig getur félagsfólk sótt um fleiri en einn styrk á tímabilinu, þar til hámarksupphæð er náð.
- Umsókn um styrk verður að berast innan árs frá lokum náms/verkefnis. Ekki er unnt að skila inn reikningi sem er eldri en 12 mánaða og ekki er hægt að framvísa reikningi sem greiddur var áður en umsækjandi öðlast rétt í sjóðnum.
- Tvígreiðsla eða ofgreiðsla. Ef mistök verða í afgreiðslu styrkumsóknar eða við greiðslu styrks munu starfsmenn sjóðsins leitast við að leiðrétta þau eins fljótt og hægt er. Félagsfólk skal tilkynna sjóðnum ef um ofgreiðslu er að ræða og endurgreiða ofgreidda upphæð þegar í stað.
- Ef umsækjandi dregur umsókn sína til baka áður en styrkur er greiddur þá hefur umsóknin engin áhrif á réttindi umsækjanda hjá sjóðnum.
- Ef umsækjandi skilar ekki fullnægjandi gögnum með umsókn og bregst ekki við ósk um frekari gögn innan eins mánaðar fellur umsókn hans niður án frekari aðvörunar.

9. gr. Skattskyldir styrkir

- Námskeiðsstyrkir eru skattskyldir, en heimilt er að færa kostnað til frádráttar ef námskeiðið tengist starfi styrkþega.
- Óheimilt er að færa frádrátt á móti styrkjum vegna lífsleikninámskeiða (tómstundanámskeið) eða annað það sem telst eingöngu persónulegur kostnaður.
- Upplýsingar eru veittar til skattýfirvalda. Veittir styrkir eru forskráðir á skattskýrslu.

10. gr. Málskot

Heimilt er að vísa ágreining um úthlutun eða réttindi til stjórnar Kjalar stéttarfélags.

11. gr. Endurskoðun verklags- og úthlutunarreglna

- a. Verklags- og úthlutarreglur þessar skulu sæta endurskoðun í maí ár hvert út frá fjárhagsstöðu sjóðsins.
- b. Reglurnar geta tekið breytingum samkvæmt ákvörðun stjórnar og eru þær kynntar á heimasíðu félagsins.

12. gr. Gildistaka

Reglur þessar voru samþykktar í desember 2025 og taka gildi frá 1. janúar 2026. Við gildistöku falla úr gildi eldri verklags- og úthlutunarreglur og aðrar ákvarðanir sem ekki eru í samræmi við reglur þessar.